

4. febrúar 2024



Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2024 Stuðningur við Grindavík

Kynning fyrir fjárlaganefnd



Hlutverk fjáráukalaga

Fjáráukalögum er ætlað að taka til **tímabundinna, óhjákvæmilegra útgjaldatilefna sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga** en sýnt þyki að falli til á árinu og að ríkissjóður komist ekki hjá að greiða þau, þar á meðal vegna áhrifa nýrra kjarasamninga eða nýrrar löggjafar á árinu, sem ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti.

Fjáráukalögum er því **ekki** ætlað að mæta útgjöldum til **nýrra verkefna, aukins umfangs** starfsemi eða **rekstrarhalla** einstakra málefnasviða og málaflokka umfram setta útgjaldaramma, enda ber samkvæmt lögnum að vísa slíkum tillögum um breytingar á fjárheimildum til umfjöllunar um fjárlög fyrir næsta fjárhagsár.



Tilefni framlagningar frumvarpsins

- Þetta fjárukalagafrumvarp er lagt fram vegna **eldsumbrota og jarðhræringa við Grindavík**. Hraunrennsli innan bæjarmarka, sprungumyndanir og skemmdir á mikilvægum innviðum eru þess eðlis að **auka þarf stuðning við íbúa Grindavíkur** sem var gert að yfirgefa heimili sín í nóvember 2023.
- Í ljósi nýjustu atburða er gert ráð fyrir að **framlengja og auka við úrræði vegna eldsumbrota** við Grindavík og **tekur fyrsta fjárukalagafrumvarp fyrir árið 2024 eingöngu til þessara atburða**.



Efni frumvarpsins

<u>Frumvarp til fjárukalaga 2024: Útgjaldamál eftir tilefnum</u>	<u>Fjárheimildir m.kr.</u>
Fjárlög 2024	
Heildargjöld.....	1.490.902
Frumvarp til fjárukalaga 2024	
Stuðningur við greiðslu launa.....	4.800
Rekstrarstuðningur.....	1.500
Húsnæðisstuðningur.....	900
Stuðningur til greiðslu vaxta og verðbóta lífeyrissjóðslána.....	140
Niðurgreiðslur vaxtagjalda til Bríetar leigufélags.....	84
Almennur varasjóður.....	-7.424
Breytingar á heildargjöldum	0,0
Heimildir 2024	
Heildargjöld.....	1.490.902

- Í frumvarpinu eru lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta vegna fimm liða, samtals um 7,4 ma.kr.
- Á móti auknum fjárheimildum málefnasviða og ráðuneyta er lagt til að heimildir á almennum varasjóði verði lækkaðar um samsvarandi fjárhæð.
- Þá er lögð til breyting á 6. gr. fjárlaga vegna heimildar til að auka við hlutafé í Leigufélaginu Bríeti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 120 íbúðum sem leigja skal til Grindvíkinga.



Stuðningur við greiðslu launa

- 4,8 ma.kr. framlag vegna framlengingar úrræðis um tímabundinn stuðning til greiðslu launa um fjóra mánuði eða til júníloka. Úrræðið nær til greiðslu launa starfsfólks á almennum vinnumarkaði með starfsstöð í Grindavíkurbæ, auk stuðnings vegna launataps sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- Gert er ráð fyrir að úrræðið nái til 1.500–2.000 einstaklinga og að launagreiðslur liggi á bilinu 1–1,4 ma.kr. á mánuði.
- Framlagið kemur til viðbótar 2 ma.kr. framlagi í fjárukalögum 2023 (vegna nóvember og desember 2023) og 2,4 ma.kr. í fjárlögum 2024 (vegna janúar-febrúar 2024).



Rekstrarstuðningur

- 1,5 ma.kr. framlag vegna stuðnings, í formi beinna styrkja, til rekstraraðila í Grindavík vegna tímabilsins nóvember 2023 til og með apríl 2024.
- Lagt er upp með að úrræðið bjóðist rekstraraðilum, óháð stærð og rekstrarformi, sem uppfylla ákveðin skilyrði, t.d. um tekjufall. Úrræðið nýtist þó hlutfallslega best minni aðilum því hámark styrkfjárhæðar er 6 m.kr. í hverjum almanaksmánuði fyrir aðila sem hefur orðið fyrir 100% tekjufalli og hefur a.m.k. 10 stöðugildi í almanaksmánuði.
- Útfærsla rekstrarstyrksins er enn í mótun og frumvarp þess efnis í smíðum og getur kostnaðarmatið því tekið breytingum



Húsnæðisstuðningur

- 900 m.kr. framlag í sértækan húsnæðisstuðning til íbúa Grindavíkurbæjar.
- Um er að ræða framlengingu tímabundins úrræðis um fjóra mánuði eða til loka júní 2024.
- Að auki var úrræðið útvíkkað og miðast hámarksfjárhæð stuðnings nú við 6 eða fleiri í heimili (áður 4 eða fleiri) og nemur 294 þús. kr. (áður 252 þús. kr.)
- Talið er að hærra hlutfall íbúa í Grindavík muni nýta sér úrræðið en áður.



Stuðningur til greiðslu vaxta og verðbóta lífeyrissjóðslána

- 140 m.kr. framlag vegna greiðslu vaxta og verðbóta af sjóðfélagalánnum vegna fasteigna í Grindavík.
- Um er að ræða 130 lántakendur sem fallið hafa utan fyrirbyggjandi úrræða um niðurfellingu á vöxtum og verðbótum af húsnæðislánnum.
- Miðað er við að úrræðið verði formfest í formi samnings milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og viðeigandi lífeyrissjóða þar sem ríkissjóður tekur yfir greiðslur vaxta og verðbóta af sjóðfélagalánnum einstaklinga vegna fasteigna þeirra í Grindavík í tiltekinn tíma.



Niðurgreiðslur vaxtagjalda til Leigufélagsins Bríetar

- 84 m.kr. framlag til að mæta niðurgreiðslu vaxta við lánsfjármögnun hjá Leigufélaginu Bríeti ehf. vegna fyrirhugaðra kaupa á allt að 120 íbúðum sem leigja á til Grindvíkinga.
- Vaxtaniðurgreiðslan helst í hendur við 3,4 ma.kr. hlutafjárukningu til Bríetar sem ætlað er að styðja við fyrirhuguð íbúðakaup.

Rekstrargrunnur, m.kr.
**Fjárlög
2024**
**Heimildir
2024**

01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.771,8	6.771,8
02 Dómstólar	4.044,8	4.044,8
03 Æðsta stjórnýsla	2.781,5	2.781,5
04 Utanríkismál	15.840,7	15.840,7
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	29.443,6	29.443,6
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	3.468,6	3.468,6
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	32.946,2	32.946,2
08 Sveitarfélög og byggðamál	33.794,7	33.794,7
09 Almanna- og réttaröryggi	40.400,9	40.400,9
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	26.423,7	26.423,7
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	56.686,4	56.686,4
12 Landbúnaður	23.390,3	23.390,3
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	7.752,0	7.752,0
14 Ferðapjónusta	2.167,9	2.167,9
15 Orkumál	14.670,5	14.670,5
16 Markaðseftirlit og neytendamál	3.969,4	3.969,4
17 Umhverfismál	33.647,4	33.647,4
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	21.822,1	21.822,1
19 Fjölmiðlun	6.945,6	6.945,6
20 Framhaldsskólastig	45.676,0	45.676,0
21 Háskólastig	65.403,3	65.403,3
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	5.700,9	5.700,9
23 Sjúkrahúspjónusta	160.993,4	160.993,4
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	89.048,3	89.048,3
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	79.851,1	79.851,1
26 Lyf og lækningavörur	41.831,0	41.831,0
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	107.782,7	107.782,7
28 Málefni aldraðra	117.862,5	117.862,5
29 Fjölskyldumál	63.115,1	63.115,1
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	47.000,3	53.300,3
31 Húsnæðis- og skipulagsmál	24.532,4	25.656,4
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	11.929,4	11.929,4
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	179.195,4	179.195,4
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	70.905,7	63.481,7
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	13.106,8	13.106,8
Samtals	1.490.902,4	1.490.902,4

br. br.
m.kr. %

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Breytingar eftir málefnasviðum

6.300,0 13,4%

1.124,0 4,6%

-7.424,0 -10,5%

0,0 0,0%



Heimildir í 6. gr.

- Í fjáráukalagafrumvarpinu er lögð til ein breyting á heimildaákvæði 6. gr. fjárlaga. Lagt er til að við greinina bætist nýr liður sem heimilar að aukið verði við hlutafé í Leigufélaginu Bríeti ehf. til að styðja við tímabundin kaup félagsins á allt að 120 íbúðum sem leigja skal Grindvíkingum.
- Í samræmi við gefnar forsendur er miðað við að ríkissjóður leggi Bríeti til hlutafé fyrir allt að 3,4 ma.kr. vegna áformaðra kaupa félagsins fyrir um 8,5 ma.kr. Miðað er við að hússnæðissjóður fjármagni það sem eftir stendur eða um 5,1 ma.kr.



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið